

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Anna María Ragnarsdóttir
kt. 090761-4129

Starfsstöð: Skaftafell 2, 785 Öræfi

Leyfið gildir frá 5. september 2023 til 5. september 2035

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Seyrugryfju

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Anna María Ragnarsdóttir, kt. 090761-4129

Starfsstöð: Skaftafell 2, 785 Öræfi

Leyfið gildir frá 5. september 2023 til 5. september 2035

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Seyrugryfju**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 20. júní 2023.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða starfsleyfi fyrir seyrugryfju sem staðsett er við Skaftafell 2. Aðeins er um að ræða geymslustað fyrir seyru og er fyrirhugað að nýta seyru til skógræktar.

Aðeins þeir aðilar sem hafa gilt starfsleyfi til meðhöndlunar á seyru hafa heimild til að losa seyru í gryfjuna.

Krafa er um að umhverfis seyrugryfjuna sé fjárheld girðing og skal henni vel við haldið. Á svæðinu skal vera til staðar skilti sem gefur til kynna um hvaða starfsemi er að ræða.

Leyfishafi skal halda saman upplýsingum um magn seyru sem losað er í gryfjuna.

Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um nýtingu seyrunnar.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Starfsleyfisskilyrði fyrir söfnun og flutning á sérstökum úrgangi og seyru.*

2. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal seyru úr gryfju og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir starfsemina. Rekstraraðili ber að sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt.

3. Annað sem varðar starfsemina

3.1. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

5. september 2023
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

5. september 2023

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Seyrugryfja Skaftafelli 2

Umsókn um starfsleyfi vegna seyrugryfju í landi Skaftafells 2 barst þann 20.6.sl Umsækjandi var Anna María Ragnarsdóttir. kt. 090761-4129.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 20.7.2023, 4 vikna frestur til að skila inn athugasemdum rann því út þann 17. ágúst sl.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið í dag með gildistíma í 12 ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi